

Sjálfstæðisflokkurinn

Efni: Spurningar til framboða stjórnámálaflokka fyrir Alþingiskosningar 2021

1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef þið komist til áhrifa?

- Sjálfstæðisflokkurinn leggur mikla áherslu á frelsi einstaklings og þar með mannréttindi hvers og eins, þar fellur réttur barna undir og sjálfsákvörðunarréttur þeirra eins og allra annarra. Það sem er börnunum fyrir bestu nýtur forgangs.

2. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

- Með ábyrgri efnahagsstjórn og með því að koma hjólum atvinnulífsins af stað aftur þá verður hægt að stækka kökuna í stað þess að skera af henni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki sett sér stefnu um niðurskurð vegna Covid-19 heldur leggur áherslu á að framkvæmdir séu lausnir út úr kreppunni og leggur áherslu á mikilvægar kerfisbreytingar til að nýta fjármagnið betur. Viðkvæmir hópar eins og börn yrðu alltaf varðir fyrir niðurskurði.

3. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

- Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið fullan þátt í undirbúningi kerfisbreytinganna og telur þær nauðsynlegar til að bæta þjónustu og stuðning við börn. Þá munu þær skila miklum og fjölbreyttum ábata fyrir samfélagið allt, hvort sem það séu betri lífsgæði, öflugra samfélag og betri meðferð fjármuna.